



7. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 1. júní 1995.

Formaður setti fund kl. 14:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Sigurður Þórhallsson.

1. Landsmótið 1998, staðarval.

a) Upplýsingasamantekt um mótssvæðin tvö fyrir norðan.

Sigurður framkvæmdastjóri lagði fram umbeðin gögn sem borist höfðu skrifstofu L.H. frá eigendum Melgerðismela í Eyjafirði og Vindheimamela í Skagafirði. Stjórnin fór gaumgæfilega yfir bréf og teikningar og ræddi málin út frá ýmsum sjónarhornum. Fram kom í umræðum að stjórnin telur eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að L.H. fái hærri ágóðahlut út úr landsmótahaldi en hingað til hefur verið. Í reglugerð um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta er kveðið á um að stjórn L.H. semji um fjárhagslega aðild samtakanna við viðkomandi framkvæmdanefnd hverju sinni þegar um landsmót er að ræða.

b) Skoðunarferð norður.

Ákveðið var að fara norður í Eyjafjörð og Skagafjörð til skoðunar mótssvæðanna 11. og 12. júní n.k.

2. Fundargerð formannafundar frá 5. maí. s.l.

Skrifstofan hefur þegar sent út til formanna félaganna fundargjörð fundarins. Aðrir fundarmenn fengu einnig sent eintak hennar.

3. Fjórðungsmót á Suðurlandi 1996.

L.H. boðaði til fundar með sunnlensku hestamannafélögum í Hlíðskjálfi félagsheimili Sleipnismanna 15. maí s.l. Þar var ákveðið að FM '96 verði haldið á Gaddstaðafötum við Hellu dagana 4.-7. júlí.

4. Úthlutun reiðvegafjár 1995.

Reiðveganefnd L.H. kom saman til fundar 31. maí s.l. og gerði tillögu að úthlutun reiðvegafjár L.H. 1995. Nefndina skipa: Sigfús Guðmundsson formaður, Jón Bergsson og Birgir R. Gunnarsson.

Umsóknir bárust frá 32 hestamannafélögum að upphæð 95 milljónir króna. Til úthlutunar voru 11 milljónir króna. Nefndin gerir eftirfarandi tillögu til stjórnar L.H.:

<i>Blær, Norðf. og Eskif.</i>	200.000
<i>Dreyri, Akranesi og nágr.</i>	250.000
<i>Faxi, Borgarfirði</i>	300.000
<i>Freyfaxi, S-Múlas.</i>	900.000
<i>Geisli, Breiðdalsvík</i>	500.000
<i>Glófaxi, Vopnaf.</i>	200.000
<i>Goði, Fáskrúðsf.</i>	200.000
<i>Hending, Ísafirði</i>	300.000
<i>Hestamannaf. 7 í Kjalarnesp.</i>	2.900.000
<i>Hornfirðingur</i>	1.000.000
<i>Léttfeti, Sauðárkróki</i>	300.000
<i>Léttir, Akureyri</i>	400.000
<i>Ljúfur, Hveragerði</i>	250.000
<i>Logi, Biskupstungum</i>	400.000
<i>Neisti, A-Hún</i>	250.000
<i>Skuggi, Borgarnesi</i>	300.000
<i>Sleipnir, Selfossi</i>	250.000
<i>Smári, Hreppum</i>	400.000
<i>Snarfari, Skagaströnd</i>	250.000
<i>Snæfaxi, Þistilfirði</i>	150.000
<i>Stígandi, Skagafirði</i>	150.000
<i>Stormur, Vestfjörðum</i>	300.000
<i>Svaði, Hofsósi, Fljót</i>	350.000
<i>Trausti, Laugardal, Grímsnes</i>	350.000
<i>Þráinn, Svalbstr. Grýtubhr.</i>	150.000

Samtals kr. 11.000.000

=====

Stjórnin samþykkti tillögu nefndarinnar óbreytta.

5. Áningarhólfasjóður.

Samþykkt var að úthluta 120.000 kr. til Geisla í Breiðdal úr áningarhólfasjóði L.H. til uppsetningar á áningargerði tengt mótssvæði þeirra að Gilsá í Breiðdal.

6. Bréf Námsgagnastofnunar.

Bréf Námsgagnastofnunar lagt fram og kemur þar fram svar við erindi L.H. dags. 12.5. '95 um að styrk til útgáfu námsefnis í hestamennsku er hafnað.

7. Bréf Þingvallanefndar.

Bréf frá Þingvallanefnd lagt fram þar sem óskað er eftir viðræðum um endurskoðun á samningi um Skógarhólasvæðið samkvæmt 10. grein hans. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að ræða málið við þjóðgarðsvörð.

8. Bréf frá Braga Björnssyni.

Lagt fram bréf frá Braga Björnssyni þar sem hann kynnir kandidatsritgerð sína til embættisprófs við lagadeild Háskóla Íslands. Stjórnin samþykkti að kaupa eitt eintak af bókinni (ritgerðinni) sem nýttist á skrifstofu L.H.

9. Bréf sent framleiðnisjóði landbúnaðarins.

L.H. og HÍS senda sameiginlegt bréf til stjórnar framleiðnisjóðs þar sem samtökin óska eftir styrk vegna heimsleika á íslenskum hestum í Fehraltorf í Sviss 1.-6. ágúst, æskulýðsmót FEIF í Luxemborg 24.-29. júlí aðalfundar FEIF í Sviss 7. ágúst og annarra FEIF samskipta.

Sótt var um fjárstyrk til sjóðsins að upphæð kr. 5.000.000.

10. Blaðaskrif.

Stjórnin harmar blaðaskrif sem undanfarið hafa borist í blöðum þar sem ákveðnir aðilar hafa með ómaklegum hætti ráðist á fyrrverandi formann L.H. Kára Arnórsson formann skipuritsnefndar. Stjórnin felur formanni að svara þessum skrifum með viðeigandi hætti fyrir hönd stjórnar.

11. Fregnir af störfum nefnda.

Sigurður sagði frá störfum keppnisnefndar. Nefndin hefur að mestu lokið endurskoðun á keppnisreglum L.H. eins og til var ætlast. Tillögur nefndarinnar verða lagðar fyrir stjórn þegar aðstæður leyfa.

Guðbrandur gerði grein fyrir störfum lyfjaeftirlitsnefndar. Nokkur próf hafa þegar verið tekin í vor og tókst sú framkvæmd vel. Kostnaður á hvert sýni verður á bilinu 20-30 þúsund krónur eins og búið var að áætla.

12. Meðferð hrossa.

Stjórnin ræddi frétt sem birtist í dagblöðum nýlega um illa meðferð á hrossum í Fjárborg.

13. Fagráð.

Fundur í fagráði var haldinn nýlega. Þar var m.a. rædd starfsemi stóðhestastöðvar ríkisins og hver þörf væri fyrir starfsemi hennar. Óvissa ríkir um framtíð stöðvarinnar. Formaður L.H. sat fund fagráðs.

Næsti fundur stjórnar L.H. verður haldinn 23. júní n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 19:00

Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson
Guðbrandur Kjartansson
Sigbjörn Björnsson